

Kennsluáætlun skólaárið 2021-2022

Lífsleikni í 9. bekk

Í lífsleikni er 1 kennslustund á viku í 9. bekk. Kennari er Tinna Hrönn Smáradóttir.

Vinnulag

Í kennslustundum í lífsleikni er lögð áhersla á að samræður um viðfangsefni hvers tíma, að nemendur séu virkir í að koma skoðunum sínum á framfæri og virða skoðanir annarra. Einnig er metin virkni nemenda í annars konar verkefnum í kennslustundum, svo sem hópefli. Náms efnið er úr ýmsum áttum t.d. Unglingaspjall, Lagt í vörðuna, geðrækt, námstækni og ýmis málefni liðandi stundar.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Hugarheimur Að nemandi læri að þekkja sjálfan sig, eigin styrkleika og veikleika, læri að setja sér markmið, viti hvert hann stefnir í lífinu og áttar sig á því að hann sjálfur ber ábyrgð á eigin árangri.		Nemandi getur ... - Rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund - Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum - Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar - Gert sér grein fyrir því að hver og einn ber ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði - Greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða	

		• Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf • Beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk • Sett sér markmið og framtíðaráætlun til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.	
Félagsheimur Að nemandi þekki mannréttindi og jafnrétti og beri virðingu fyrir öllu fólki, sama hvaðan það kemur.		Nemandi getur ... • Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra • Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi • Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.	

Nemendur og foreldrar eru hvattir til að fylgjast með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**.

Með ósk um gott gengi,

Tinna Hrönn Smáradóttir